



1.fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 22.febrúar 2012, kl. 17:00 á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður, Arnar Ólafsson, Einar Ólafsson, Jósep Húnfjörð, Friðbjörn B. Möller (í gegnum Skype frá Akureyri) (Fór af fundi kl. 17:50). Einnig voru mætt á fundinn formenn tækninefnda þau Davíð Ingason, Íris Svavarsdóttir og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri. Axel Bragason formaður tækninefnda boðaði forföll

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá voru eftirfarandi mál:

### **1. Verkaskipting stjórnar.**

Stjórn samþykkir eftirfarandi verkaskiptingu:

Varaformaður: Arnar Ólafsson

Ritari: Einar Ólafsson

Gjaldkeri: Friðbjörn B. Möller

Aðrir í stjórn eru formenn tækninefnda; Axel Bragason formaður tækninefndar karla og Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar kvenna í hóp fimleikum.

Jafnframt sitja Davíð Ingason, verkefnastjóri í áhaldafimleikum og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri landsliða í hóp fimleikum.

### **2. Formaður setur nýja stjórn lítillaga inn í stöðu mála.**

Formaður fór lítillaga yfir stöðuna og hvaða verkefni eru framundan. Lög sambandsins voru lögð fram og vakin athygli á 15. gr. í nýsamþykktum lögum FSÍ.

### **3. Auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra.**

Formaður fór yfir starfslýsingu fyrrverandi framkvæmdarstjóra. Í upphafi var framkvæmdarstjóri eini launaði starfsmaður FSÍ. Stór þáttur í starfi fyrrverandi framkvæmdarstjóra var umsjón með fjármunum FSÍ, færsla bókhalds, afstemmingar, gerð milliuppgjöra og frágangur bókhalds til endurskoðanda, innheimta útistandandi skulda. Fundarmenn veltu fyrir sér möguleika á að útvista bókhaldspætti FSÍ.

Málið rætt

Samþykkt að fela Einari Ólafsyni ritara og Þorgerði Diðriksdóttur, formanni að útbúa auglýsingu út frá starfslýsingu og fá hana birta í fréttablaðinu helgina 25-26 feb.

### **4. Auglýsa eftir sex landsliðsþjálfurum.**

Sólveig Jónsdóttir kynnti landsliðsverkefni í hóp fimleikum sem sett var í gang með ráðningu verkefnastjóra í hóp fimleikum. Hluti þess verkefnis er að ráða til starfa 6 landsliðsþjálfara sem kostaðir eru af félagsliði þátttakenda í landsliðsverkefni.

Málið rætt

Samþykkt að fela Sólveigu Jónsdóttur verkefnastjóra í hóp fimleikum að útbúa auglýsingu og auglýsa á heimasíðu FSÍ og í gegnum tengikerfi FSÍ, netpóst til aðildafélaga FSÍ.

**5. Bréf tækninefndar í hóp fimleikum, dagsett 7. febrúar 2012, beiðni um heimild til að fá tvo gestadómara, einn frá Danmörku og einn frá Svíþjóð, til að dæma á Íslandsmótinu í hóp fimleikum 13. og 14. apríl nk.**



Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hópfimleikum kynnti fyrir stjórninni verkefni sem gengur út á að fá tvo erlenda dómara til landsins yfir helgina 13. og 14. apríl til að dæma á Íslandsmótinu í hópfimleikum. Sólveig telur að þessir aðilar geti einnig kennt og miðlað til íslenskra dómara og þjálfara af reynslu sinni.

Málið rætt

Samþykkt: Stjórn óskar eftir kostnaðaráætlun vegna verkefnisins. SJ og ÍS er falið að leggja fram kostnaðaráætlun fyrir næsta fund stjórnar.

## 6. Fræðslumál rædd

Stjórnin ræddi lítillaga möguleikana á að auka tekjur sambandsins í gegnum aukna fræðslu handa þjálfurum og iðkendum fimleikanna, en ekki síður með öflugum fræðslustarfi til íþróttakennara og þeirra sem kenna hreyfingu í líkamsræktarsölum landsins. Stjórnin var sammála að þarna væri hægt að sækja töluvert fé og auka veg íþróttarinnar í leiðinni. Málið verður rætt meira síðar.

## 7. Nýr prókúruhafi

Þar sem Hrund framkvæmdastjóri hefur látið af störfum er nauðsynlegt að nýr aðili fái prókúru. Var ákveðið að ÞLD fengi bráðabirgðaprókúru þangað til nýr framkvæmdastjóri væri ráðinn. ÞLD sér um að útvega nauðsynleg gögn frá bankanum sem allir þurfa að kvitta undir.

## 8. Fundartími stjórnar

Eftirfarandi fundartími var samþykktur:

Reglulegir fundir stjórnar verði annan og fjórða þriðjudag í mánuði frá kl. 17-19.

Fundir út maí verði sem hér segir:

28. febrúar, 13. mars, 27. mars, 10. apríl, 24. apríl, 15. maí og 29. maí.

Fundi slitið kl. 18:15

Næsti fundur verður haldinn 28. febrúar kl. 17:00

Einar Ólafsson ritar fundargerð.